

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur fimmtudaginn 21. september 2023

Mál nr. S-1751/2023:

Ákærvaldið

(Karl Ingi Vilbergsson saksóknari)

gegn

Guðmundi Þór Ármannssyni og

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

Ernu Ósk Agnarsdóttur

(Jón Bjarni Kristjánsson lögmaður)

Dómur

I.

Ákæra, dómkröfur og fleira:

Mál þetta, sem dómtekið var 13. september 2023, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 9. mars sama ár, á hendur Guðmundi Þór Ármannssyni, kennitala [...], [...], og Ernu Ósk Agnarsdóttur, kennitala [...], [...], „fyrir eftirtalin brot:

a) Á hendur ákærðu báðum, fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa í félagi, föstudaginn 7. maí 2021, í póstafréttunni [...] í Reykjavík, sótt og tekið á móti 342,15 g af metamfetamíni, með 99% styrkleika, ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni. Fíkniefnin voru í umslagi sem kom hingað til lands með póstsendingu frá Þýskalandi 4. maí 2021 og var A til heimilis að [...] skráður móttakandi sendingarinnar. Ákærðu fölsuðu í sameiningu skriflega yfirlýsingu þess efnis að A gæfi ákærðu Ernu Ósk fullt og ótakmarkað umboð til að taka við öllum hennar bréf- og póstsendingum. Ákærðu fóru saman í póstafréttunni þar sem ákærða Erna Ósk framvísaði hinu falsaða umboði og móttók sendinguna og [afhenti] hana ákærða Guðmundi Þór í strætisvagni á heimleið sinni að [...], þar sem lögregla handtók þau og var ákærða Erna Ósk þá með umslagið í fórum sínum.

Telst brot þetta varða við 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974 og 32/2001.

b) Á hendur ákærðu Ernu Ósk, fyrir fíkniefnalagabrot, með því [að] hafa haft í vörslum sínum, á heimili sínu að [...], 0,11 g af amfetamíni, 0,28 g af tóbaksblönduðu kannabisefni, 4 stykki af Abstral, 1 stykki af Rivotril og 90 stykki af Gabapenstad, en fíkniefnin og lyfin fundust við leit lögreglu 7. maí 2021.

Telst brot þetta varða við 2. gr. og 3. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002 og auglýsingu nr. 232/2001.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Krafist er upptöku á 342,15 g af metamfetamíni, 0,11 g af amfetamíni, 0,28 g af tóbaksblönduðu kannabisefni, 4 [stykki] af Abstral, 1 stykki af Rivotril og 90 [stykki] af Gabapenstad, með vísan til 6. og 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.“

Ákærurnar voru birtar 11. apríl 2023 og málið var þingfest 27. sama mánaðar. Ákærvaldið miðar endanlega við að ákærðu hafi gerst sek um tilraunarbrot, að því er varðar a-lið ákæru, og var málið sótt og varið á þeim grundvelli, sbr. nánar niðurstöðukafla. Ákærvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru og krefst auk þess að gæsluvarðhald sem ákærðu sættu á rannsóknarstigi komi til frádráttar refsingu. Bæði ákærðu gera aðallega kröfu um sýknu en til vara að þau verði dæmd til vægustu refsingar sem verði að öllu leyti skilorðsbundin. Að auki krefjast ákærðu þess að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun skipaðra verjenda þeirra.

II.

Málsatvik:

Þriðjudaginn 4. maí 2021 stöðvaði Tollgæsla Íslands póstsendingu í póstmíðstöðinni [...], Reykjavík, sem innihélt 342,15 g af metamfetamíni. Hafði efnunum verið komið fyrir í möppu sem pakkað var í umslag og var stöðvun sendingarinnar liður í almennu eftirliti tollgæslunnar. Umslagið hafði verið póstlagt 29. mars 2021 í Þýskalandi og fór sendingin

að stað frá Hamborg 7. apríl það ár og var komin hingað til lands 3. maí sama ár. Skráður sendandi var sagður nánar tilgreindur maður með heimilisfang í [...]. Skráður viðtakandi var A til heimilis að [...].

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók við rannsókn málsins. Var lagt hald á fíkniefnin og þeim skipt út fyrir gerviefni. Að auki var komið fyrir hljóðupptöku- og staðsetningarbúnaði í umslaginu. Einnig var hlutast til um símhlustun og öflun símaupplýsinga hjá hinum skráða móttakanda, auk öflunar heimildar til húsleitar. Var samhliða haft eftirlit með viðtöku umslagsins hjá pósthúsi í [...], Reykjavík, en grunur lögreglu beindist að ákærða Guðmundi á þessum tíma út af fyrri sögu hans hjá lögreglu og því að hann var [tengsl ákærða við A].

Fjórum dögum síðar, 7. maí, varð vart við ferðir ákærða Guðmundar og var kona með honum í för þar sem þau komu saman á pósthúsið og sóttu umslagið. Á þeim tíma var lögregla búin að taka fyrrgreindan hljóðupptöku- og staðsetningarbúnað úr umslaginu. Var það konan sem tók við umslaginu, hafandi meðferðis skriflegt umboð, sbr. nánar síðar. Voru þau handtekin stuttu síðar í [...] með umslagið í fórum sínum eftir að hafa farið með strætisvagni sem leið lá frá biðstöð í [...]. Reyndist konan vera ákærða Erna. Stuttu fyrir handtökuna hafði sést til hennar þar sem hún losaði sig við skjal í nálæga ruslafötu. Þá reyndist hún vera með í fórum sínum efni í kristalsformi, ætlað íblöndunarefni, sem fannst við leit á henni við handtökuna og voru þau haldlögð. Einnig var lagt hald á fyrrgreint skjal sem reyndist vera umboð, dagsett 6. maí 2021. Samkvæmt skjalinu var ákærða Erna sögð vera umboðsmaður hins skráða viðtakanda í samskiptum við Póstinn.

Við rannsóknina var lagt hald á myndupptökur frá fyrrgreindu pósthúsi og téðum strætisvagni. Einnig voru gerðar húsleitir og lagt hald á ýmsa muni, meðal annars ætluð íblöndunarefni, meinta skuldalista vegna ætlaðrar fíkniefnasölu, auk fíkniefna og lyfja sem fundust á heimili ákærðu Ernu, eins og nánar greinir í b-lið ákæru. Að auki var hlutast til um rannsókn á gögnum í haldlögðum símtækjum, aflað upplýsinga um símasamskipti og grennslast fyrir um fjármál þeirra. Ljósmyndir af metamfetamíni í kristalsformi reyndust vera í síma hennar og annað svipað myndefni sem virtist varða meðferð og dreifingu slíkra efna. Einnig reyndist vera í síma hennar skrá í rafrænu formi, fyrirmynd að umboði,

sem hún virtist hafa sótt á netinu fyrir um daginn áður en hún fór á pósthúsið. Jafnframt voru í síma hennar upplýsingar um að hún hefði í janúar 2021 virst leita að upplýsingum um *crystal meth – ice*. Enn fremur voru í símanum upplýsingar í vafrasögu um að hún hefði virst fara inn á nánar tilgreinda vefsíðu 20. apríl 2021, ætlaða sölusíðu fyrir met-amfetamín. Að auki hefði í símanum, um tveimur og hálfri klukkustund síðar þann sama dag, virst hafa verið farið inn á vefsíðu Póstsins og staðfest með netfangi. Einnig að nokkrum mínútum síðar hefði nánar tilgreint póstsendingarnúmer virst hafa verið skráð inn á vefsíðu Póstsins en það hins vegar reynst varða póstsendingu sem veitt var viðtöku á [...] 7. maí 2021.

Meðal rannsóknargagna eru upptökur sem aflað var frá Strætó sem sýnir ferð ákærðu í strætisvagni frá [...] í [...] í aðdraganda handtökunnar. Má sjá ákærðu Ernu halda á umslaginu í vagninum og sjást þau ákærði Guðmundur stuttu síðar tala saman og handleika og skoða umslagið frekar. Að auki sést í upptöku þar sem ákærði Guðmundur virðist kreista umslagið og gera sig líklegan til að opna það en rétta umslagið síðan til ákærðu Ernu.

Ákærði Guðmundur gaf skýrslu með réttarstöðu sakbornings 7. maí 2021. Bar hann af sér allar sakir og kvaðst ekki hafa vitað um innihaldið eða frá hverjum sendingin kom. Greindi hann meðal annars frá því að tilkynning um téða sendingu hefði borist fyrir um daginn til [A]. Ákærðu hefðu í sameiningu sama dag útbúið fyrrgreint umboð og þau skrifað nafn [A] á skjalið með hennar samþykki.

Ákærða Erna gaf einnig skýrslu með réttarstöðu sakbornings sama dag. Bar hún líka af sér allar sakir og voru skýringar hennar af svipuðum toga og áður greinir um skýrslu ákærða Guðmundar. Greindi hún meðal annars frá því að þau hefðu umræddan dag farið með strætisvagni frá [...] í [...]. Þar hefði annar nafngreindur maður sótt þau og ekið þeim heim til [A] í [...]. Þau hefðu stoppað stutt í [...] en þar hefði ákærða Erna útbúið fyrrgreint umboð á staðnum og það verið að áeggjan ákærða Guðmundar. Þau hefðu næst farið á pósthúsið, sótt umslagið og tekið strætisvagn til baka í [...]. Á leiðinni hefðu þau opnað umslagið og ákærði Guðmundur orðið eitthvað skrytinn á svipinn og skyndilega viljað fara úr vagninum og það verið áður en komið var á áfangastað. Hún hefði hins vegar komið í veg fyrir það og þau haldið áfram með vagninum áleiðis í [...]. Þá hefðu þau

stuttu síðar verið handtekin þegar þau voru farin úr vagninum. Greindi hún einnig frá því að ákærði Guðmundur hefði nokkrum sinnum áður sent póstsendingar til landsins á hennar nafni. Kannaðist hún við fyrrgreinda kristalla sem fundust í fórum hennar og sagði þá vera íblöndunarefni fyrir metamfetamín.

Fyrrgreind A gaf skýrslu fyrrgreindan dag með réttarstöðu vitnis og kvaðst ekki hafa haft neitt með umrædda póstsendingu að gera né heldur að hún hefði veitt ákærðu Ernu téð umboð. A greindi hins vegar frá því að hún hefði fyrr um daginn orðið þess áskynja að bréflæg tilkynning frá Póstinum barst til hennar um að hún ætti póstsendingu sem þyrfti að sækja á pósthús. Hún hefði hins vegar ekki átt von á neinni sendingu en geymt tilkynninguna hjá sér. Ákærði Guðmundur hefði komið síðar um daginn á heimilið og tjáð henni að hann væri að fara að sækja póstsendingu. A hefði ekki fengið frekari skýringar á því eða hún ekki spurt nánar út í það.

Meðal gagna er skýrsla tæknideildar lögreglu um rannsókn á haldlögðum fíkniefnum úr póstsendingunni. Reyndist vera um að ræða fyrrgreint magn af metamfetamíni, eins og greinir í ákæru. Voru sýni úr efnunum send til frekari rannsóknar hjá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði. Samkvæmt matsgerð rannsóknastofunnar var staðfest að um væri að ræða fyrrgreinda tegund fíkniefna í kristalsformi og reyndist styrkleiki metamfetamínbasa vera 80% sem samsvaraði 99% af metamfetamínsklóríði.

Við frekari rannsókn málsins var að kröfu lögreglu aflað matsgerðar dómkvadds matsmanns, C geðlæknis, til að skýra betur nokkur atriði varðandi fyrrgreint fíkniefni, meðal annars neysluaðferðir, hættueiginleika og áætlaðan fjölda neysluskammta út frá hinum haldlögðu efnum. Í niðurstöðu matsgerðarinnar, dagsettri 1. mars 2022, greinir meðal annars að neysla umræddrar tegundar fíkniefnis væri almennt með reykingum eða þeim væri sprautað í æð. Um væri að ræða flokk fíkniefna sem teldust til örvasandi efna og vímuáhrif sem kæmu af neyslu þeirra væru að jafnaði með meira móti. Bráða- og langtímaáhrif með neyslu þeirra efna í kristalsformi væru af þeim toga að þau hefðu í för með sér alvarlega fylgikvilla og þau væru meðal skaðlegustu fíkniefnanna. Almennur skammtur téðra efna í fyrrgreindu formi væri á bilinu frá 0,01 g til 0,5 g við neyslu. Þá mætti ætla að samanlagður fjöldi neysluskammta væri 3421 talsins, umreiknað út frá styrkleika og þyngd haldlagðra efna.

III.

Skýrslur fyrir dómi:

1.

Um a-lið ákæru:

Ákærði Guðmundur greindi meðal annars frá því að hafa umræddan dag komið á heimili [A] eftir að hafa verið á [...] og meðákærða verið með honum í för. Ákærði hefði á þessum tíma verið í neyslu fíkniefna. [...], fyrrgreind A, hefði verið búin að fá tilkynningu frá Póstinum fyrr um daginn um að hún væri skráður móttakandi póstsendingar frá útlöndum. Hún hefði hins vegar verið mjög veik, ekki getað farið á pósthús og hún þegið boð hans um að sækja sendinguna. Meðákærða hefði útbúið umboð frá A um að þau mættu veita sendingunni viðtöku. Ákærði kvaðst hins vegar ekki muna hvort A skrifaði undir umboðið en hún hefði verið samþykkt því að veita það. Þau hefðu ekki vitað um innihald eða hver var sendandi póstsendingarinnar og þá kvaðst ákærði ekki kannast við íslenskt símanúmer sem var skráð á sendinguna. Þau hefðu ekki grennslast frekar fyrir um sendinguna áður en hún var sótt. Ákærði og meðákærða hefðu næst sótt sendinguna á pósthúsið án þess þó að þau þyrftu að nota umboðið. Um hefði verið að ræða umslag og þau tekið strætisvagn til baka og haft umslagið með sér. Á leiðinni hefðu þau reynt að opna það en ekki verið búin að því þegar lögregla handtók þau stuttu síðar eftir að hafa farið úr vagninum á biðstöð. Ákærði kvaðst enga skýringu hafa á því hvers vegna fíkniefni voru upphaflega í umræddri póstsendingu. Þá hefði hann aldrei haft fjárhagslegt bolmagn til að kaupa téð fíkniefni þar sem hann hefði verið skuldugur og þegið félagslegar bætur til framfærslu. Að auki hefði aldrei komið til greina af hans hálfu, í almennu tilliti, að fíkniefni yrðu send á [A]. Ákærði hefði hins vegar áður notað heimilisfang hennar í tengslum við vörukaup á internetinu en það verið vegna þess að hann var skráður óstaðsettur í hús á þeim tíma. Frekar spurður kvaðst ákærði ekki telja að skýrsla [A] hjá lögreglu væri rétt um að hún hefði ekki kannast við téð umboð eða hafa veitt það og það skýrðist af veikindum hennar téðan dag.

2.

Um a-lið ákæru:

Ákærða Erna greindi meðal annars frá því að hafa verið á [...] dagana áður en þau voru handtekin og meðákærði hefði verið með henni á sama tíma. Þau hefðu síðar sama dag farið frá [...] til Reykjavíkur með strætisvagni og heimsótt A, [...]. Hann hefði jafnan verið henni til aðstoðar með ýmislegt af hversdagslegum toga. Þá hefði ákærða jafnframt

hjálpað henni með heimilisstörf. A hefði reynst vera rúmliggjandi og veik téðan dag. Ákærða hefði skúrað fyrir hana og þá hefðu hún og meðákærði séð tilkynningu í íbúðinni um ósótta póstsendingu og boðist til að sækja sendinguna fyrir A. Það hefði verið meðákærði sem hefði borið það upp við A og hún þegið boðið. Ákærða hefði næst útbúið umboð til að framvísa á pósthúsinu og stuðst við fyrirmynd sem hún sótti á netinu. Þau hefðu ekki vitað um innihald sendingarinnar, hvaðan hún kom eða hvar var sendandinn og þau ekki spurt A út í það. Til skýringar vísaði ákærða meðal annars til þess að meðákærði hefði oft áður keypt varning á netinu á nafni ákærðu og að téð sending hefði í hennar huga mögulega verið enn ein sendingin af þeim toga.

Ákærðu hefðu næst farið saman á umrætt pósthús til að sækja sendinguna en viðmót póststarfsmanns verið skrýtið og ákærða ekki þurft að framvísa umboðinu. Henni hefði á þeim tíma fundist það skrýtið en tekið við umslagi frá starfsmanninum. Ákærðu hefðu næst farið til baka með strætisvagni en ekki vitað hvað var í umslaginu. Þau hefðu ætlað að skila því til A. Á leiðinni hefði meðákærði verið að gera að gamni sínu af því að hún var dottandi í vagninum en það verið út af neyslu hennar á *Oxycontin*. Þau hefðu á leiðinni verið að reyna að opna umslagið eða *kroppa* í það þar sem þau vildu vita um innihaldið. Þau hefðu hins vegar ekki gengið svo langt að opna umslagið og talið það innihalda bók. Á meðan þau voru í vagninum hefði meðákærði viljað fara úr vagninum og það verið fyrr en ráðgert var í upphafi. Hún hefði verið mótfallin því og náð sínu fram. Þau hefðu farið úr vagninum á biðstöð, hún hent umboðinu í ruslafötu og stuttu síðar verið handtekin af lögreglu.

Ákærða hefði fyrst áttað sig á alvarleikanum eftir að hafa verið handtekin og þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu. Hún kvaðst enga skýringu hafa á fíkniefnunum sem voru upphaflega í umslaginu og hvers vegna A var skráður móttakandi. Kvaðst hún telja, eftir á að hyggja, að mögulega hefði fyrrum *neysluvinur* meðákærða ætlað að koma honum í vandræði. A hefði á engan hátt verið viðriðin fíkniefnamisferli. Þá hefði meðákærði aldrei haft fjárhagslegt bolmagn til að kaupa fíkniefni af þessum toga. Frekar spurð greindi ákærða frá því að þau hefðu fyrr um daginn sótt aðra póstsendingu á [...] á nafni meðákærða en hann hefði verið að kaupa og láta senda sér hleðslutæki í síma. Þá hefði hún síðar sama dag verið með áform um að hitta [...] og fara með þeim í fjöruferð.

Frekar spurð og út frá gögnum málsins kvaðst ákærða kannast við að hafa verið í daglegri fíkniefnaneyslu á þeim tíma sem um ræðir. Það sama hefði átt við um meðákærða. Ákærða hefði verið að neyta þeirra fíkniefna sem voru henni aðgengileg á hverjum tíma, þar með talið metamfetamíns og amfetamíns. Hún hefði fjármagnað eigin fíkniefnaneyslu að hluta með því að selja öðrum fíkniefni, þar með talið metamfetamín, auk þess sem hún hefði selt ýmsar eigur sínar og verið skuldsett vegna neyslunnar. Ákærða kvaðst kannast við skuldalista sem fundust við leit á heimili hennar, sem og að þær fjárhæðir sem þar væru tilgreindar tengdust að einhverju leyti sölu hennar á fíkniefnum. Hins vegar væri um að ræða gamlan skuldalista. Þá kvaðst hún telja að fjármálagreining lögreglu út frá bankareikningi hennar gæfi ekki rétta mynd af umfangi meintrar fíkniefnasölu. Hluti innlagna á téðan bankareikning skýrðist af öðru en fíkniefnasölu, meðal annars innlagnir frá ættingjum. Ákærða kvaðst kannast við að hafa verið með kristalskennt efni í fórum sínum við handtöku umræddan dag. Hún hefði verið búin að eiga efnið í marga mánuði og ætlað að gefa einhverjum það. Frekar spurð um það sama kvaðst hún hins vegar kannast við skýrslu sína hjá lögreglu um að efnið hefði verið ætlað sem íblöndunarefni fyrir metamfetamín. Þá kvaðst ákærða að nokkru marki kannast við samskiptagögn sín við aðra menn, ýmist að þau tengdust meðferð fíkniefna eða ekki. Aðspurð um netnotkun hennar í janúar, apríl og maí 2021, sbr. það sem áður greinir í málavaxtalýsingu um vafrasögu, kvaðst ákærða ekki muna eftir téðri netnotkun í janúar. Þá kvaðst hún ekki vita til þess að hægt væri að kaupa metamfetamín á vefsíðu, auk þess sem hún hefði aldrei keypt fíkniefni á netinu eða erlendis frá. Frekar spurð kvaðst hún telja að hún hefði í umrætt skipti verið að sýna einhverjum öðrum téða vefsíðu og/eða henni hefði fundist vefsíðan vera furðuleg. Fyrrgreind vefsíðuskoðun hefði hins vegar ekki tengst því að hún sótti umrædda póstsendingu í [...] nokkrum dögum síðar. Þá kvaðst hún kannast við að hafa verið í metamfetamínneyslu og það hefði haft mikil áhrif á hug hennar á sama tíma og það lýst sér með þeim hætti að hún var heltekin af efninu.

Um b-lið ákæru og persónulega hagi:

Ákærða Erna kvaðst telja að amfetamín sem fannst við leit á heimili hennar og lagt var hald á hefði verið efnisleifar á umbúðum á hennar vegum sem urðu eftir í frystihólfi. Þá hefði hún átt lítilræði af kannabisefni sem einnig fannst við téða leit. Ákærða kvaðst ekki hafa skýringu á fjórum töflum af Abstral og einni töflu af Rivotril, sem lagt var hald á. Hún hefði ekki vitað af þeim töflum og ekki verið að nota eða selja þess háttar töflur.

Þær hefðu þó mögulega á einn eða annan hátt verið á hennar vegum eða hún farið með vörslur þeirra án þess að hún myndi sérstaklega eftir því. Þá hefðu 90 töflur af Gabapenstad, sem einnig var lagt hald á, verið lyf sem hún var áður að nota samkvæmt lyfseðli. Hún hefði búið í umræddu húsnæði með [...] en téð fíkniefni og lyf væru honum með öllu óviðkomandi. Að auki greindi ákærða frá því að hún hefði í framhaldi af handtöku afplánað refsingu samkvæmt eldri dómi og í framhaldi farið í nám og haldið sig frá fíkniefnum. Þá hefðu fjölskylduaðstæður hennar breyst, hún sagt skilið við ákærða og börn hennar byggju hjá henni.

3.

Um a-lið ákæru:

Vitnið A, [...], greindi meðal annars frá því að hún myndi ekki vel eftir téðum atvikum vegna þess tíma sem væri liðinn, auk þess sem hún hefði verið fárveik í rúminu umræddan dag. Lögregla hefði komið óvænt og gert húsleit á heimili hennar. Henni hefði verið mjög brugðið og hún verið veikburða fyrir. Frekar spurð greindi hún frá því að tilkynning um téða póstsendingu hefði borist inn á heimili hennar fyrr þann sama dag. Hún hefði skoðað og geymt tilkynninguna í klemmu í eldhúsinu. Hún hefði hins vegar ekki verið búin að panta neitt og ekki kannast við að hafa átt von á póstsendingu. Kvaðst vitnið ekki kannast við eða muna eftir að hafa talað við ákærða Guðmund téðan dag um að hann sækti fyrir hana sendinguna. Þá kvaðst hún ekkert kannast við umrætt umboð eða hafa veitt það enda hefði hún verið veik og rúmliggjandi, eins og áður greinir. Ákærðu hefðu hins vegar almennt verið henni innan handar. Ákærði Guðmundur hefði búið hjá henni og verið að kaupa inn fyrir hana en hún kvaðst hins vegar ekki muna eftir því að hann hefði nokkurn tímann áður sótt fyrir hana sendingu á pósthús. Þá hefði ákærða Erna stundum verið að gera hreint hjá henni þegar hún kom í heimsókn. Frekar spurð kvaðst vitnið hvorki vita hvort ákærðu voru að panta eitthvað á hennar nafni á netinu né heldur að hún þekkti til hvernig hagaði með póstsendingar til þeirra.

4.

Vitni, rannsóknarlögreglumaður nr. D, gerði nánar grein fyrir rannsókninni. Í vætti hans kom meðal annars fram að fíkniefnin hefðu verið fjarlægð úr umslaginu eftir að þau fundust við leit tollgæslu í téðri póstsendingu. Í framhaldi hefði hlustunar- eða eftirfarar-búnaði verið komið fyrir í umslaginu. Lögregla hefði hlutast til um tilkynningar til skráðs

viðtakanda, þar með talið með bréfflegri tilkynningu, og fylgt hefði verið almennu verk-
lagi Póstsins. Lögregla hefði næst verið með skyggingu við pósthúsið og beðið eftir að
umslagið yrði sótt. Grunur lögreglu hefði beinst að ákærða Guðmundi vegna fyrri brota-
sögu, skráðs heimilisfangs viðtakanda og téðra [...]tengsla. Þá hefði grunur lögreglu
einnig beinst að ákærðu Ernu en það hefði verið sama dag og téð póstsending var sótt.
Vitnið hefði verið stutt á pósthúsinu þegar það gerðist en vitnið kvaðst ekki geta sagt til
um hvort ákærða Erna framvísaði fyrrgreindu umboði þegar sendingin var sótt. Vitnið
hefði yfirfarið myndefni úr strætisvagni eftir á og meðal annars séð þar sem ákærðu voru
að skoða umslagið og miða sem var utan á umbúðunum og ákærði Guðmundur verið að
þreifa á umslaginu.

Vitnið greindi frá því að áætlað *götuverðmæti* hinna haldlögðu fíkniefna hefði verið á
bilinu 17–34 milljónir króna. Það mat væri byggt á upplýsingum lögreglu sem aflað var
frá auglýsingum sem hefðu í gegnum tíðina birst á nánar tiltekinni vefsíðu. Vitnið kvaðst
hins vegar ekki geta sagt til um ætlað innkaupsverð fíkniefnanna erlendis og hvort
ákærðu hefðu haft fjárhagslega getu til að kaupa efnin. Ákærðu hefðu verið samvinnufús
og veitt lögreglu aðgang að bankagögnum við rannsókn málsins. Vitnið greindi frá því
sem áður greinir í málavaxtalýsingu um vafrasögu í síma ákærðu Ernu en vitnið greindi
einnig frá því að engin gögn hefðu komið fram um að hún eða ákærði Guðmundur hefðu
keypt fíkniefnin erlendis. Þá hefði ekkert komið fram við símhlustun um að þau tengdust
innflutningi téðra fíkniefna. Gögn sem reyndust vera í síma ákærðu Ernu, skuldalistar og
skeyti, hefðu hins vegar bent til þess að hún væri selja og dreifa fíkniefnum á svipuðum
tíma. Þá hefði rannsókn á fjármálum ákærðu bent til hins sama en ekki hefði verið um að
ræða nákvæma rannsókn af þeim toga. Grunur lögreglu hefði verið um að ákærðu hefðu
flutt efnin til landsins í sölu- og dreifingarskyni. Ekki væri hins vegar vitað hvað var í
annarri póstsendingu á vegum ákærðu Ernu sem sótt var á [...] sama dag og ákærðu voru
handtekin, sbr. það sem áður greinir í málavaxtalýsingu um vafrasögu. Þessu til viðbótar
greindi vitnið frá því að umrædd fíkniefnasending, sem lagt var hald á, hefði verið af
sama toga og aðrar haldlagðar fíkniefnasendingar á svipuðum tíma. Þá hefðu hinar síðar-
nefndu sendingar verið taldar vera á vegum nánar tilgreinds hóps manna sem ákærði var
talinn hafa verið í eða áður með tengsl við.

5.

Um a-lið ákæru:

Vitni, rannsóknarlögreglumaður nr. E, greindi meðal annars frá því að hafa ásamt fleiri óeinkennisklæddum lögreglumönnum komið að skyggingu og handtöku ákærðu við upphaf á rannsókn málsins. Vitnið hefði verið í ómerktri lögreglubifreið á bifreiðastæði og fylgst með því þegar ákærðu komu og sóttu umslagið á umrætt pósthús. Ákærðu hefðu á þeim tíma ekki virst vera stressuð en vitnið kvaðst ekki geta sagt til um það með vissu vegna fjarlægðar hans við skyggingu. Vitnið hefði séð á eftir ákærðu með umslagið í fórum sínum inn í nálægan strætisvagn sem ekið var áleiðis í [...]. Vitnið hefði ásamt öðrum rannsóknarlögreglumanni ekið á eftir strætisvagninum og handtekið ákærðu þar sem þau fóru úr vagninum í nágrenni við [...]. Ákærði Guðmundur hefði virst vera undir vímuáhrifum á þeim tíma, *hálfstjarkur*, en honum hefði mögulega verið brugðið við handtökuna. Vitnið kvaðst ekki með vissu geta sagt til hvað hefði orðið til þess að ákveðið var að handtaka ákærðu á fyrrgreindum stað en það hefði mögulega verið út af því að sést hefði til ákærðu henda einhverju frá sér í nálæga ruslafötu. Þá hefði lögregla haft áhyggjur af því að þau væru byrjuð að opna umslagið. Það hefði síðan ekki reynst vera þar sem umslagið var óraskað við handtökuna.

6.

Um a-lið ákæru:

Vitni, lögreglufulltrúi nr. B, greindi frá því að hafa farið fyrir rannsóknardeild lögreglu sem fór með rannsókn málsins. Þá hefði vitnið komið að húsleit á heimili A og tekið skýrslu af henni á staðnum. A hefði verið brugðið að fá lögreglu óvænt inn á heimilið en hún róast eftir því sem liðið hefði á leitina. Hún hefði komið honum eðlilega fyrir sjónir, verið skýrsluhæf og hvorki verið illa áttuð né rugluð. Hún hefði greint frá því að hafa verið veik dagana á undan en ekki verið í slæmu ástandi við skýrslutökuna téðan dag. Þá hefði hún svarað einföldum spurningum með sjálfstæðri frásögn með þeim hætti sem skráð var um skýrsluna. Lögreglu hefði verið ljóst í fyrrgreindum samskiptum við A að hún gæti ekki tengst hinu meinta broti með sagnæmum hætti. Skýrslutakan hefði því farið fram á heimili hennar strax í upphafi og hún látin fá réttarstöðu vitnis. Skýrslutakan hefði verið hljóðrituð en upptakan glatast síðar vegna bilunar í upptökutæki. Varðandi eftirfarar- og hljóðupptökubúnað lögreglu í téðu umslagi greindi vitnið frá því að lögregla hefði þurft að fjarlægja búnaðinn úr umslaginu eftir að rannsókn málsins hófst og til hefði staðið að koma honum fyrir aftur. Umslagið hefði hins vegar verið sótt áður en

tókst að ljúka því verki. Þá greindi vitnið frá því að ekkert tengt rannsókn málsins hefði komið fram við hlustun á síma A í aðdraganda téðrar húsleitar og ekki væri vitað um deili á sendanda efnanna í Þýskalandi.

7.

Um a-lið ákæru:

Dómkvaddur matsmaður, C geðlæknir, staðfesti og gerði nánar grein fyrir fyrrgreindri matsgerð um haldlögð fíkniefni, hættueiginleika þeirra, magni og fleiru. Í vætti matsmannsins kom meðal annars fram að hann hefði stuðst við birtar læknisfræðilegar tímaritsgreinar um styrkleika neysluskammta metamfetamíns og þar væri langoftast miðað við að neysluskammtar væru 0,1 g. Á þessu væru þó frávik þar sem einnig væri fjallað um að neysluskammtar efnisins gætu verið allt niður í 0,01 g og allt upp í 0,5 g. Hið fyrstnefnda mæligildi, 0,1 g, væri hins vegar langalgengast varðandi neysluskammta af téðu fíkniefni út frá framangreindum heimildum. Að því virtu hefði matsmaður lagt til grundvallar í niðurstöðu sinni að áætlaður fjöldi neysluskammta út frá mæligildinu 0,1 hefði verið um 3400 talsins reiknað út frá magni og styrkleika hinna haldlögðu fíkniefna. Að auki greindi matsmaður frá því að heitin *crystal meth* og *ice* væru þekkt óformleg heiti fyrir metamfetamín. Þá væri *spítt* heiti af sama toga sem ætti við um venjulegt amfetamín. Um vætti matsmanns að öðru leyti vísast til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu um téða matsgerð.

8.

Vitnið F, verkefnisstjóri hjá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, gaf skýrslu í fjarfundarbúnaði og staðfesti og gerði nánar grein fyrir fyrrgreindri matsgerð um greiningu og styrkleika haldlagðra fíkniefna. Í vætti hans kom meðal annars fram að styrkleiki fíkniefnanna hefði verið mjög hár og nánast um að ræða hreint efni. Um vætti hans að öðru leyti vísast til þess sem áður greinir í málavaxtalýsingu.

IV.

Niðurstöður:

1.

Um a-lið ákæru:

Við byrjun aðalmeðferðar kom fram yfirlýsing frá ákærvaldinu um að það miðaði við að ákærðu hefðu með þeirri háttsemi sem þeim ef gefin að sök samkvæmt a-lið ákæru

gerst sek um tilraun til stórfellds fíkniefnalagabrots. Til skýringar var vísað til þess að lögregla hefði verið búin að fjarlægja fíkniefnin úr téðri póstsendingu á þeim degi þegar ákærðu sóttu hana í póstafrgreiðslu. Þau hefðu hins vegar ekki vitað um það á verknaðarstundu og því væri um að ræða meint pútatívt brot. Breytt afstaða ákærvaldsins til sakarfnisins samkvæmt ákæru sætti ekki athugasemdum af hálfu ákærðu. Að þessu virtu, og með vísan til 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. og dóm Hæstaréttar Íslands frá 3. nóvember 2011, í máli nr. 102/2011, var þessi hluti málsins endanlega sóttur og varinn með tilliti til þess hvort ákærðu hefðu með háttseminni gerst sek um brot gegn 173. gr. a, sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 gildir sú grundvallarregla almennt að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi. Samkvæmt 108. gr. sömu laga hvílir sönnunarbyrði um sekt ákærðu og atvik sem telja má þeim í óhag á ákærvaldinu og verða þau því aðeins sakfelld að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. téðra laga. Þá metur dómurinn hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leiða af um það, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar.

Ákærðu neita sök. Ljóst er af málgögnum að fíkniefni af þeirri tegund, magni og styrkleika sem greinir í ákæru komu til landsins 4. maí 2021 í póstsendingu sem skráð var á fyrrgreinda A, [...]. Einnig að lögregla hafi skipt efnunum út fyrir gerviefni. Hið sama á við um það sem greinir í ákæru um að ákærðu hafi þremur dögum síðar farið saman í póstafrgreiðslu [...], sótt og móttakið téð umslag og haft með sér í strætisvagn. Einnig að ákærða Erna hafi afhent umslagið til ákærða Guðmundar í vagninum á heimleið að [...] og þau hafi að lokum verið handtekin og ákærða Erna á þeim tíma með umslagið í fórum sínum. Samrýmist framangreint varðandi móttöku og meðferð sendingarinnar frá pósthúsi fram að handtöku einnig framburðum ákærðu fyrir dómi. Að þessu virtu verður lagt til grundvallar við úrlausn málsins að öll framangreind atriði, sem birtast að mestu í verknaðarlýsingu ákærunnar, teljist vera sönnuð. Ákærðu hafa borið um að hafa verið með skriflegt umboð frá A meðferðis en þau kannast ekki við að hafa framvísað því í téðu pósthúsi og ekkert í gögnum málsins eða vætti vitna fyrir dómi

styður að svo hafi verið. Að því virtu er sá hluti verknaðarlýsingarinnar, að þau hafi framvísað umboðinu, ósannaður.

Ágreiningur og úrlausn í þessum hluta málsins hverfist í aðalatriðum um hvort ákærðu hafi 7. maí 2021 með sagnæmum og ólögumætum hætti ætlað sér, í félagi, að sækja og móttaka póstsendingu í þeirri trú að hún innihéldi fíkniefni sem greinir í ákæru og voru upphaflega í sendingunni við komu til landsins þremur dögum áður, sem og hvort efnin hafi verið ætluð til söluþreifingar hér á landi. Jafnframt hvort ákærðu hafi í tengslum við téðar athafnir falsað umboð frá hinum skráða móttakanda gagnvart Póstinum og hvort það hafi verið liður í því að sækja og móttaka sendinguna. Ákærðu byggja í aðalatriðum á því að þeim hafi verið alls ókunnugt um upphaflegt innihald póstsendingarinnar, þau hafi verið í góðri trú um að þau væru að sækja og móttaka póstsendingu með lögumætu innihaldi á nafni A og að þau hafi í tengslum við það komið fram fyrir hennar hönd eða með hennar samþykki. Ákæruvaldið byggir á hinu gagnstæða og leggur til grundvallar að öll rök standi til þess að ákærðu hafi í umrætt skipti ætlað að sækja og taka á móti miklu magni fíkniefna. Vísar ákæruvaldið í aðalatriðum til þess að framburður og skýringar ákærðu hafi verið ótrúverðugar og ekki í nægjanlegu samræmi við gögn málsins.

Mál þetta lýtur í raun að innflutningi á talsverðu magni fíkniefna þótt ákærðu séu aðeins ákærð fyrir afmarkaðan hluta af heildaratburðarásinni, eins og verknaðarlýsingu ákæru er háttáð. Við sakarmatið er engu að síður nauðsynlegt að setja atvikaröðina í samhengi við það sem alkunnugt er um sendingu og móttöku fíkniefna á milli landa í almennu tilliti, sbr. áratugalanga dómaframkvæmd í hliðstæðum málum. Brotastarfsemi af þeim toga sem hér um ræðir tekur almennt mið af skipulagningu, fjármögnun, milliliðum, verkaskiptingu og leynd. Hefur allt framangreint meðal annars þann tilgang að koma því til leiðar að fíkniefni fari á milli landa frá sendanda til endanlegs móttakanda án vitneskju löggæsluyfirvalda, þar með talið að unnt sé að nálgast efnin hjá millilið, flutninga-fyrirtæki og/eða skráðum móttakanda. Samkvæmt vætti rannsóknarlögreglumanns nr. D er áætlað söluverðmæti efnanna hér á landi talið geta verið á bilinu 17–34 milljónir króna. Að því virtu er ljóst að um er að ræða veruleg verðmæti í almennu tilliti og því mikið í húfi fyrir hlutaðeigendur sem standa fyrir innflutningnum. Að þessu virtu er afar hæpið að tilviljun hafi ráðið því að umrædd póstsending var send til landsins og merkt vitninu A, sem skráðum viðtakanda, eins og gerðist í þessu máli. Sá eða þeir sem stóðu að baki

innflutningnum hljóta að hafa haft ástæðu fyrir því að hún var skráð með fyrrgreindum hætti og að það hafi beinlínis verið með ráðum gert. Hlýtur það að hafa verið gert til þess að leyna brotinu, villa um fyrir yfirvöldum og gera raunverulegum móttakanda mögulegt að nálgast efnin hér á landi. Jafnframt liggur fyrir að A er [...] og ekkert í málinu bendir til þess að hún hafi með saknæmum hætti tengst innflutningi efnanna. Þá hefur komið fram hjá ákærða Guðmundi að heimili hennar hafi jafnframt verið dvalarstaður hans eða hann vanið komur sínar þangað í gegnum tíðina. Einnig liggur fyrir að ákærða Erna er [...] og þau hafa bæði borið um að hún hafi verið þar í heimsóknnum. Hið sama koma fram í vætti A. Liggja þannig fyrir augljós og veruleg tengsl beggja ákærðu við hinn skráða móttakanda og jafnframt aðgengi þeirra að heimili hennar, þar með talið að þeim væri unnt að nálgast bréflega tilkynningu með auðkenni til að leysa út téða póstsendingu. Bendir því allt til þess að nafn A hafi verið misnotað í fyrrgreindum tilgangi svo ákærðu væri unnt að sækja og móttaka sendinguna og þar með komast yfir efnin og jafnframt að ákærðu hafi bæði vitað af og haft ásetning til þess.

Í málinu liggur einnig fyrir að ákærðu höfðu með sér umboð með nafni A til að nálgast póstsendinguna þótt ósannað sé að þau hafi í raun notað það á pósthúsinu, sbr. framan- greint. Ákærða Erna hefur borið um að hafa stuðst við fyrirmynd og útbúið téð umboð og ákærðu bæði hafa borið um að ákærði Guðmundur hafi leitað eftir samþykki A fyrir umboðinu. Vætti A fyrir dómi styður ekki nægjanlega að haft hafi verið raunverulegt samráð við hana af hálfu ákærðu um það að umboðið var gert né heldur að umslagið var sótt á pósthúsið umræddan dag. Framburður A fyrir dómi um téð atvik var á köflum fremur óstöðugur og virtist að nokkru einkennast af því að hún væri að draga taum ákærðu í málinu og samsvara sig við varnir ákærðu eftir því sem leið á skýrslugjöfina. Verður að meta sönnunargildi framburðar hennar út frá því og tengslum hennar við ákærðu, sbr. 126. gr. laga nr. 88/2008. Framburður A fyrir dómi verður í aðalatriðum ekki skilinn með öðrum hætti en að hún hafi í raun ekki veitt umrætt umboð og að ákærðu hafi ekki haft neitt raunverulegt samráð við hana um að útbúa það né heldur að þau væru að sækja póstsendingu á hennar nafni eða sem væri ætluð henni. Ekkert um hið gagnstæða kom fram í skýrslu hennar hjá lögreglu. Vætti hennar að hluta og framburður ákærðu beggja fyrir dómi um hið gagnstæða kom fyrst fram fyrir dómi. Hið sama á við um skýringar þeirra um veruleg veikindi A á þeim tíma þegar hún gaf skýrslu hjá lögreglu. Framburður þeirra þriggja hefur því í mikilvægum atriðum verið óstöðugur. Þá

samrýmast skýringar þeirra um téð veikindi ekki vætti lögreglufulltrúa nr. B um ástand A við skýrslugjöfina enda kemur ekkert fram um það í lögregluskýrslunni. Að auki verður að teljast afar ólíklegt í almennu tilliti að lögregla myndi í máli af þessum toga láta það viðgangast að taka skýrslu af fárveiku og rúmliggjandi vitni á heimili þess í tengslum við húsleit. Að mati dómsins er fullljóst að skýringar ákærðu og A um samráð við hina síðastnefndu um að sækja þakkann eru eftiráskýringar sem eiga ekki við rök að styðjast og eru þær að engu hafandi við úrlausn málsins. Hið sama á við um téð ætluð veikindi A umræddan dag. Að framangreindu virtu er ljóst að ákærðu höfðu ekkert raunverulegt samráð við A um að þau væru umræddan dag að fara að sækja téða póstsendingu á hennar nafni eða að þau væru að gera það fyrir hana. Hið sama á við um umboðið sem þau höfðu með sér á pósthúsið sem var A með öllu óviðkomandi og falsað. Allt framangreint samrýmist því sem áður greinir um almenna umgjörð mála af þessum toga, þar með talið leynd, skipulagningu og aðgengi að brotaandlagi. Styður þetta málatilbúnað ákærvaldsins enn frekar um að ákærðu hafi vitað og staðið í þeirri trú að þau væru að móttaka fíkniefnasendingu í umrætt skipti.

Fyrir liggur að ákærðu könnuðust bæði við það fyrir dómi að hafa verið í fíkniefna- og/eða fíknilyfjaneyslu á þeim tíma sem um ræðir. Þá liggur fyrir að þau voru á sama tíma í nánu sambandi. Ákærða Erna kannaðist beinlínis við það að hafa verið að neyta metamfetamíns, samhliða neyslu annarra fíkniefna eða fíknilyfja. Málsgögn gefa rökstuddar vísbendingar um að hún hafi á sama tíma staðið fyrir sölu fíkniefna, þar með talið metamfetamíns. Þá bar hún um fyrir dómi að hún hefði að hluta fjármagnað eigin fíkniefnaneyslu með slíkri sölu. Meðal málsgagna er til að mynda skuldalisti sem fannst í fórum hennar sem getur að nokkru marki samrýmst því að tengjast fíkniefnasölu. Þá var hún með íblöndunarefni í kristalsformi fórum sínum sem hún hefur borið um að hafi verið ætlað til notkunar á metamfetamíni. Einnig liggur fyrir samkvæmt málsgögnum að ákærða Erna virðist hafa notað snjallsímamann í janúar og apríl 2021 til að fara inn á vefsíður, ætlaðar sölu- og/eða upplýsingasíður fyrir metamfetamín og/eða leitað eftir upplýsingum um það fíkniefni. Skýringar hennar fyrir dómi um að hún hafi verið að forvitnast eða ætlað að sýna öðrum téðar vefsíður voru afar ósannfærandi. Þessu til viðbótar var ákærða Erna, á þeim tíma sem téður sími var haldlagður, með nýlegar ljósmyndir vistaðar í tækinu sem voru af metamfetamíni í kristalsformi. Einnig fundust í símanum myndefni af samfélagsmiðlum sem sýndu metamfetamín til sölu, auk smáskilaboða um

að hún væri að selja eða afhenda fíkniefni. Verður að teljast með miklum ólíkindum að ákærða Erna, sem fíkniefnaneytandi og fíkniefnasali, og ákærði Guðmundur, sem var kærasti hennar á sama tíma og svipað var ástatt um, hafi á sama tíma óvart eða óviljandi lent saman í því að sækja og taka á móti póstsendingu sem kom til landsins og hafði upphaflega innihaldið talsvert magn af metamfetamíni, og jafnframt að téð sending væri á nafni [A]. Skal þá ekki síst haft í huga að um var að ræða sömu tegund fíkniefnis og áður greinir um upplýsingar í síma ákærða Ernu og var auk þess unnt að selja efnin fyrir tug milljóna króna. Þessu til viðbótar ber myndupptaka úr strætisvagni, sem er meðal málsgagna, fremur með sér að ákærðu voru stuttu fyrir handtöku að handleika og skoða téð umslag sem þau virtust sjálf að nokkru marki hafa áhuga á að opna fremur en að þau væru að sækja sendingu sem væri ætluð A. Allt framangreint styður enn frekar mála-tilbúnað ákæruvaldsins um ætlaða sök ákærðu.

Að öllu framangreindu virtu er það mat dómsins að framburðir ákærðu hafi í öllum aðalatriðum verið afar ótrúverðugir og með miklum ólíkindablæ og er ekki unnt að leggja þá til grundvallar við úrlausn málsins. Af þessu leiðir jafnframt að fallist verður á með ákæruvaldinu að lögfull sönnun hafi tekist fyrir því að ákærðu hafi í félagi umræddan dag á téðu pósthúsi gert tilraun til að sækja og taka á móti þeim fíkniefnum sem greinir í ákæru. Þar sem búið var að fjarlægja fíkniefnin úr umslaginu áður en ákærðu sóttu sendinguna á téð pósthús var um að ræða pútatívt brot. Samkvæmt matsgerð og vætti vitnisins F var styrkleiki hinna haldlögðu fíkniefna mjög hár og er ljóst að efnin voru nánast hrein og ætluð til útpynningar með íblöndunarefnum. Þá liggur fyrir matsgerð og vætti hins dómkvadda matsmanns um áætlaðan fjölda neysluskammta og skaðsemi efnanna og hefur ekkert komið fram í vörnum ákærðu sem hnekkir því mati. Að þessu virtu er ljóst að um var að ræða mikið magn sterkra fíkniefna sem ætluð voru til söludreifingar í ágóðaskyni þótt vegin þyngd efnanna, ein og sér, gefi það ekki augljóst til kynna. Samkvæmt öllu framangreindu verða ákærðu sakfelld fyrir brot gegn 173. gr. a, sbr. 1. mgr. 20. gr., almennra hegningarlaga.

2.

Um b-lið ákæru:

Í málinu er ágreiningslaust að þau fíkniefni og fíknilyf sem greinir í b-lið ákærunnar fundust á heimili ákærðu Ernu. Samkvæmt framburði hennar fyrir dómi hefur hún að mestu gengist við því að hafa verið með efnin og lyfin í vörslum sínum og að þau hafi

eða hljóti að hafa tilheyrt henni. Samrýmist það einnig málgögnum. Einnig liggur fyrir að ákærða var með aðgengi og búsetu á umræddum stað á þeim tíma þegar lagt var hald á efnin. Ákærða hefur ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á eða gera sennilegt að vörslur hennar á 90 töflum af Gabapenstad hafi verið á grundvelli lyfseðils. Vörslur efnanna samrýmast fyrst og fremst framburði ákærðu sjálfrar um eigin meðferð á fíkniefnum, sbr. það sem áður greinir um a-lið ákæru. Verður ákærða því sakfelld fyrir fíkniefnalagabrot samkvæmt þessum lið ákærunnar og er brotið rétt fært til refsíákvæða í ákærinni.

3.

Um refsíákvörðun og upptöku:

Ákærði Guðmundur er fæddur [...]. Samkvæmt sakavottorði nær sakaferill hans aftur til ársins 2012. Ákærði hefur margsinnis á því tímabili hlotið refsingu, skilorðs- og óskilorðsbundna, og er það einkum vegna fíkniefna- og umferðarlagabrot. Það sem hér skiptir einkum máli er að ákærða var með dómi [...] 2015 gert að sæta fangelsi í níu mánuði, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir fíkniefnalagabrot. Ákærða var með dómi [...] 2015 meðal annars gert að sæta 30 daga fangelsi fyrir umferðarlagabrot og var um að ræða hegningarauka við hinn eldri dóm. Þá var ákærða með dómi [...] 2017 gert að sæta fangelsi í 11 mánuði fyrir fíkniefnalagabrot og var um að ræða skilorðsrof sem leiddi til þess að fyrrgreindur skilorðsdómur var dæmdur upp. Þá var ákærða með dómi [...] 2020 gert að sæta fangelsi í 11 mánuði fyrir umferðarlagabrot, auk þess sem honum var með dómi [...] 2021 gert að sæta fangelsi í einn mánuð vegna umferðarlagabrot. Fullnustu fyrrgreindra tveggja dóma lauk 3. febrúar 2022 með því að ákærða var með ákvörðun fangelsisyrfirvalda veitt skilorðsbundin reynslulausn í eitt ár á 92 daga eftirstöðvum refsinga. Tilraunarbrot það sem ákærði hefur nú verið sakfelldur fyrir samkvæmt a-lið ákæru var hins framið áður en téð reynslulausn var veitt og var því ekki um að ræða skilorðsrof. Að því virtu verða fyrrgreindar eftirstöðvar eldri refsingar ekki dæmdar upp.

Ákærða Erna er fædd [...]. Samkvæmt sakavottorði nær sakaferill hennar aftur til ársins 2011. Ákærða hefur margsinnis á því tímabili hlotið refsingu, skilorðs- og óskilorðsbundna, og er það einkum vegna fíkniefna-, umferðar- og þjófnaðarbrot. Það sem hér skiptir aðallega máli er að ákærðu var með dómi [...] 2015 gert að sæta fangelsi í 12 mánuði, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir fíkniefnalagabrot. Með dóminum var dæmdur upp níu mánaða eldri skilorðsdómur frá [...] sama ár vegna fíkniefna- og þjófnaðarbrot

vegna viðurlagareglna um hegningarauka. Þá var ákærðu með dómi [...] 2021 gert að sæta fangelsi í fimm mánuði, þar af tvo mánuði skilorðsbundið í tvö ár, og var það meðal annars vegna fíkniefnalagabrota.

Við ákvörðun refsingar ákærðu verður litið til þess að brot samkvæmt a-lið ákæru fól í sér röskun á mikilvægum almannahagsmunum. Var um að ræða talsvert magn hættulegra fíkniefna með miklum styrkleika, sbr. það sem áður greinir um skaðsemi, mæligildi og áætlaðan skammtafjölda. Var því veruleg hættu á því að efnin færu í sölu og dreifingu til ótiltekins fjölda manna hér á landi. Allt framangreint horfir til refsipýngingar. Að auki horfir til refsipýngingar að brotið var framið í félagi. Einnig horfir sakaferill hinna ákærðu heilt á litið til refsipýngingar fyrir þau hvort um sig. Þá var sakarstig þeirra beggja hátt, að því er varðar brot samkvæmt a-lið ákæru, sbr. það sem áður greinir um misnotkun á nafni [A] við framningu brotsins. Við refsiakvörðun, til mildunar, verður hins vegar tekið tillit til þess að tafir urðu á meðferð málsins fyrir útgáfu ákæru. Hvað ákærða Guðmund varðar verður að ákveða refsingu sem hegningarauka við fyrrgreindan dóm frá [...] 2021. Hvað ákærðu Ernu varðar liggur fyrir að brot samkvæmt a- og b-lið ákæru voru brotasamsteypa og fólu bæði brot í sér skilorðsrof á dóminum frá [...] 2021. Verður því hvað hana varðar að dæma upp skilorðsbundna hluta þess dóms og ákvarða henni refsingu í einu lagi.

Að öllu framangreindu virtu, og með vísan til 60. gr., 1., 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga verður ákærði Guðmundur dæmdur í fangelsi í 12 mánuði og ákærða Erna verður dæmd í fangelsi í 14 mánuði. Vegna alvarleika brots sem ákærðu hafa verið sakfelld fyrir samkvæmt a-lið ákæru og sakaferils þeirra er ekki unnt að skilorðsbinda refsinguna. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga verður gæsluvarðhald sem ákærðu sættu við rannsókn málsins látið koma til frádráttar fyrrgreindri refsingu, eins og nánar greinir í dómsorði.

Með vísan til 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002, verða gerð upptæk fíkniefni og fíknilyf sem nánar greinir í dómsorði.

4.

Um sakarkostnað og fleira:

Vegna málsúrslita, og með vísan til 1. mgr. 235. gr. og 1. og 2. mgr. 236. gr., sbr. 1. mgr. 233. gr., laga nr. 88/2008, verður ákærðu gert að greiða sakarkostnað til ríkissjóðs. Nánar tiltekið verður ákærða Guðmundi gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem þykja út frá eðli og umfangi máls hæfilega ákveðin 1.600.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Ákærðu Ernu verður gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda sína, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, vegna vinnu á rannsóknarstigi og fyrir dómi, sem þykja út frá eðli og umfangi máls hæfilega ákveðin 1.200.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá verður henni einnig gert að greiða útlagðan kostnað samkvæmt yfirliti ákæruvaldsins, 558.000 krónur, sem er vegna þóknunar sem greidd var til fyrri verjanda hennar á rannsóknarstigi. Annan útlagðan kostnað ákæruvaldsins samkvæmt fyrrgreindu yfirliti, vegna efnarannsóknar og matsgerðar dómkvadds matsmanns, 353.060 krónur, greiði ákærðu óskipt.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Karl Ingi Vilbergsson saksóknari.

Daði Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðmundur Þór Ármannsson, sæti fangelsi í 12 mánuði. Til frádráttar refsingu með fullri dagatölu kemur gæsluvarðhald sem ákærði sætti frá 8. til 11. maí 2021.

Ákærða, Erna Ósk Agnarsdóttir, sæti fangelsi í 14 mánuði. Til frádráttar refsingu með fullri dagatölu kemur gæsluvarðhald sem ákærða sætti frá 8. til 11. maí 2021.

Gerð eru upptæk 342,15 g af metamfetamíni, 0,11 g af amfetamíni, 0,28 g af tóbaksblönduðu kannabisefni, fjórar töflur af Abstral, ein tafla af Rivotril og 90 töflur af Gabapenstad.

Ákærði Guðmundur Þór greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, 1.600.000 krónur. Ákærða Erna Ósk greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarna Kristjánssonar lögmanns, 1.200.000 krónur, auk

558.000 króna í annan sakarkostnað. Ákærðu greiði að öðru leyti óskipt annan sakarkostnað málsins, 353.060 krónur.

Daði Kristjánsson